

Fulltrúaráðsfundur 29. apríl 2008

kl.19:30

í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Mættir fulltrúar frá öllum deildum nema: Deild þýska fjárhundsins, ensk cocker spanieldeild, fuglahundadeild og retrieverdeild.

Dagskrá:

1. Punktur frá fundi NKU/VK-vísindaráð 19.-20. september sl.

Helga Finnsdóttir dýralæknir flutti erindi: Frestað frá síðasta fulltrúaráðsfundi þar sem Helga Finnsdóttir var á fundi á Akureyri. Tilgangur ráðsins er að vera ráðgefandi aðili.

Fundargerð frá Helgu Finnsdóttur dýralækni:

Fréttir af félögum

Fulltrúar sögðu frá því sem væri að gerast í hverju félagi. Helga fór yfir starfsemi HRFÍ. Hún benti á að sérdeildir innan HRFÍ væru ekki sjálfstæðar eins og á hinum Norðurlöndunum en þrátt fyrir það gengi rekstur félagsins afar vel. Hundum fjölgaði og sæust þess greinileg merki á sýningum sem yrðu stærri og stærri frá sýningu til sýninga. Verið væri að endurnýja og stækka húsnæði félagsins sem væri afar ánægjulegt. Loks væri hundahald leyft í Reykjavík en hundaskattur væri þó ansi hár og reglur ekki í samræmi við fjölgun hundaeignar í borginni. Röntgenmyndir eru sendar til Norges til aflestrar og tvisar á ári koma danskir dýralæknar til að skoða augu.

Viðurkennd vottorð um mjaðma- og olnbogamyndatöku

Vandamál geta komið upp varðandi svokölluð alþjóðleg vottorð um niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndatökum frá hinum ýmsu löndum. Til er vottorð sem FCI gefur út en á því er t.d. ekki merki hundaræktarfélags þess lands sem myndin er tekin í. Hver sem er gæti því undirritað plaggið. Hin NKU löndin viðurkenna því aðeins þau vottorð sem á er merki hundaræktarfélags þess lands sem myndin er tekin í, sem hefur þá staðfest að hafa viðurkennt þann dýralækni sem undirritar vottorðið. DKK hefur grennslast fyrir um það hjá FCI hvaða lönd noti reglur um hvernig skuli mynda hundana sem og aflestarniðurstöður þ.e. skalann A-E.

Staða í samvinnuhópi um DNA

Reynt hefur verið að fá niðurstöður t.d. frá Optigen sendar beint til félaganna þar sem það fer beint í gagnagrunn. Helga segir að sýni sem send eru á rannsóknarstofur séu oft send til Optigen sem síðan senda til hundaræktarfélaganna. Verið er að reyna að fá rannsóknarstofur til að senda niðurstöður beint til hundaræktarfélaganna.

Aðgerðir heima fyrir og á alþjóðlegum grundvelli til að sporna við ýktu útliti hunda

Talið er að um geti verið að ræða 40-50 hundakyn sem líði fyrir útlit og byggingu en í nóvember n.k. verður ráðstefna í Svíþjóð fyrir dómara til að taka á vandamálinu.

Hlutverk norrænu hundaræktarfélaganna um LUPA, Evrópskt verkefni þar sem hundar eru notaðir sem módel fyrir heilbrigði mannsins

Evrópskt verkefni til að minna á heilbriggt lífni mannsins. Aukist hefur að hundar fái skjúkdóma sem eru líkir sjúkdómum mannsins vegna þess að þeir lifa í svo mikilli nálægð við hann. Nú er komin upp ýmis öldrunareinkenni sem ekki þekktist áður t.d. breytt hegðun hjá gömlum hundum. Farið er að meðhöndla hunda eins og menn t.d. fara hundar nú í geislameðferð vegna krabbameins. Til þessa verkefnis hefur Efnahagssambandið lagt fram 100 milljónir krónar.

Fast skráningarnúmer

NKU löndin munu leggja þá tillögu fyrir FCI gegnum ræktunarráð eða vísindaráð FCI (FCI Breeding Commission/Scientific Commission) að allir hundar verði skráðir með landskóða sem hann hafi ævilangt.

Sameina reglur um sýningar á hvolpafullum tíkum á hvolpum

Tillaga um að sameinast um þá reglu að tík megi ekki sýna á sýningum félaganna 6 vikum eftir þörun eða sé hún á hvolpum yngri en 8 vikna.

Geldir hunda og sýningar

Sameinast ætti um að sýna megi hund á sýningum félaganna hafi hann verið vanaður af læknisfræðilegum ástæðum en hafi haft eðlilegt og rétt staðsett eistu eldri en 8 mánaða. Staðfestingu þess efnis skal leggja fram á viðurkenndu vottorði.

Fundargerð frá fundi röntgenfundarinnar

Í 8. grein þ.e. samræmingu á reglum félaganna um skoðun á hnéskéljum en nægilegt þykir að greina 1-3.gráðu og sleppa 4.gráðu sem þykir óþörf. Nauðsynlegt að HRFÍ aðlagi líka sínar reglur. 1 merkir þínu lítið laus, 2 merkir lausari og 3 merkir meira lausari

Rætt var um skott- og eyrnastýfingar, sama og síðast.

2. Punktur frá NKU fundi í Helsinki 12. mars sl. - Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður

FKK hafa endurskipulagt starfseminu og hafði nýverið verið fækkað um 15 manns á skrifstofunni, en þar höfðu áður verið 64 starfsmenn. Nýir framkvæmdastjórar hjá finnsku og dönsku hundaræktarfélagunum mættu á fundinn þeir Jens Glavind frá DKK og Olli Rahi frá FKK.

Fundargerð frá NKU fundi sem var haldinn í Kaupmannahöfn 26.september 2008 lesin upp og samþykkt.

➤ Sameinaðar sýningarreglur á Norðurlöndum

Espen Eng er formaður nefndar um málið en mætti ekki á fundinn og málinu því frestað. Lilja Dóra Halldórsdóttir á sæti í nefndinni fyrir okkar hönd.

➤ Tölvumál

FKK er í metnaðarfullu verkefni í sínum tölvumálum varðandi allt sem viðkemur skráningum, sýningum, eigendaskiptum ofl. Mikið starf framundan á þessu og næsta ári við „Dog Net Project.“ Þeir vilja gjarnan samvinnu og samkeyrslu á gögnum. Ulv Uddman hjá SKK sagði þetta ár ekki heppilegt í slíkt þar sem mjög mikið væri að gera hjá þeim vegna Heimssýningarinnar. Svíar og Norðmenn hafa engu að síður hafið ferlið með samkeyrslu gagna. Formaður NKK sagði málið vandasamt og en við ættum að geta notað hvors annars forrit, og ef svo tækist væri það mjög gott.

➤ Hundakynin

Byrjað er á tegundahópi 1 og verður svo unnið áfram koll af kolli. Verður þar skráð allt frá hinum Norðurlöndunum og síðan sent til okkar. Mun í þessari töflu koma allt fram nema það sem snýr að heilsufarshlutunum. Mikilvægt að Norðurlöndin séu samstíga um allt er varðar sýningar og skráningar. Danir eru með sýningarreglurnar 100 % í samræmi við reglur FCI og sagði formaðurinn að þessi aðlögun hefði reynst sumum sýnendum erfitt. Eyvind NKK sagði að FCI þurfi að endurskoða sýningareglur varðandi litaafbrigði í sumum tegundum sem séu ekki í samræmi við uppruna hundanna. Varðandi þetta þyrfti NKU að láta heyra í sér. Aðilar frá FKK

sögðu að mesta áherslan ætti að vera að samræma sýningarreglur til samræmis við sýningarreglur FCI öðru máli gegnir um ræktunarreglur.

➤ **Sýningameistarar í öðrum löndum.**

Finnar tóku að sér að endurvinnna tillögu til FCI European Section varðandi málið. Kom fram að oft verði hundar fyrst meistarar í öðru landi en heimalandinu og fundarmenn sammála um að hundur þurfi að vera orðinn 24 mán. fyrir slíkan titil.

➤ **Ungverskar ættbækur**

Fyrir 10 árum hafi Ungverska Hundaræktarfélagið gefið út ca 100 þús. ættbækur og mætti reikna með að um 70 þús. þeirra hafa verið falskar. Í dag gefa þeir út um 30 þús. ættbækur. Danir senda alla ungverska pappíra til hundaræktarfél. þar í landi til samþykkis. Fundarmenn vildu meina að mikil óheilindi væri í ættbókum frá Rúmeníu og Búlgaríu.

➤ **Dómaralistar á Norðurlöndum.**

Þrír dómarafrá Norðurlöndum eru búsettir í Ameríku. Ulv Uddman tók að sér að skrifa bréf til AKC og athuga með viðurkenningu fyrir þessa dómara þar og þá í framhaldi af því að þau færu á dómarafrá fyrir vestan.

➤ **Hundategundir – ekki FCI ræktunarmarkmið – ábyrgð**

Slíkir hundar fá að keppa á sýningum á Svíþjóð. Í Finnlandi geta þeir keppt um finnska meistaratitla en ekki cacib. Ekkert slíkt er í Noregi. Í Finnlandi eru þrjár tegundir sem eru ekki viðurkenndar af FCI. (Stövarar: rússneskur, ensku/rússneskur og frá Eistlandi) .

Ræktunarmarkmið þessara tegunda verða þýdd á sænsku og ensku og síðan sent til annarra Norðurlanda. Svíar munu gera slíkt hið sama með sambærileg ræktunarmarkmið þar í landi.

➤ **Samvinna um dómara milli Norðurlandanna og Bretlands**

Formaður DKK er alfarið á móti því að gera samning við Breta um þessi mál. Var bent á málinu til stuðnings að dýrmæt reynsla fengist í Englandi fyrir Norðurlandadómara, þar sem að í sumum tilfellum væri um enskar tegundir að ræða t.d. border terrier og það þyrfti að dæma 400 hunda til að fá réttindi sem oft væri erfitt á Norðurlöndum. Niðurstaðan var sú að Svíar, Norðmenn og Finnar munu halda áfram viðræðum sínum við Breta en ekki í nafni NKU.

➤ **Lyfjagjafir á sýningum:**

Mikilvægt er að samræma reglugerðir. Kom fram að á einni Norðurlandasýningunni voru útilokaðir 60 hundar af þessum sökum. FKK og SKK eru með áþekka reglugerð og munu senda upplýsingar til hinna Norðurlandanna.

➤ **Dómar á stífdum hundum**

Fundarmenn vildu gefa því 5-6 ár og eftir það vildu þau sjá að stífðir hundar fengju 0 á sýningum. Kari FKK benti á að þetta mál yrði að taka fyrir hjá FCI, því ekki samræmdist bann við slíku í ræktunarmarkmiðum margra tegunda og sagði Finna hafa borið fram tillögu fyrir 3 árum, að banna með öllu stífða hunda inn á FCI sýningar. Danir leyfa innflutning á eyrnastífdum hundum, leyfi heimalandið slíkt, en banna alfarið innflutning á skottstífdum hundum. SKK tók að sér að senda bréf um málið til FCI.

➤ **Aukið vægi Norðurlandanna.**

Fulltrúar Norðurlandanna í nefndum FCI munu stuðla að því að hittast fyrir fundi og samstillast sig og koma sterkari til leiks.

➤ **Reglur fyrir Norðurlanda Meistarakeppni í Freestyle**

Verða prufukeyrðar á sýningu í Gautaborg í janúar 2009.

➤ **Reglur fyrir Norðurlanda Meistarakeppni í Agility:**

Búið er að samþykkja nýjar reglur.

Fundargerðir lagðar fram frá :

Vísindanefnd og röntgennefnd NKU

Næsti fundur verður í Svíþjóð 10. september 2008

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, ritaði.

3. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ

Stjórn hefur fundað fimm sinnum frá síðasta fulltrúaráðsfundi þann 19. febrúar sl.

Sumarlokun verður á skrifstofu frá og með mánudeginum 21. júlí. Mánudaginn 11. ágúst verður opnað við á ný.

Skráning Íshunda á HRFÍ hjá Einkaleyfisstofu.

Sagt var frá gangi mála á síðasta fulltrúaráðsfundi. Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti þann 4. mars sl. lögban við allri notkun Íshunda á vörumerkinu HRFÍ. Í framhaldinu gerð sátt um að Íshundar afsöluðu sér einkaleyfinu hjá Einkaleyfastofu og um leið sótt um einkaleyfi á HRFÍ fyrir Hundaræktarfélag Íslands sem nú hefur verið samþykkt.

Nýr fuglahundadómari

Á stjórnarfundum HRFÍ þann 17. apríl sl. staðfesti stjórn HRFÍ, að beiðni dómarráðs, árangur Egils Bergmann sem dómara fyrir standandi fuglahunda.. Egill Bergmann verður með dómarnúmer 500801.

Framkvæmdastjóri HRFÍ

Valgerður Júlíusdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri HRFÍ. Hún hefur ákveðið að taka sér ársleyfi frá störfum sem deildarstjóri til að takast á við og móta þetta nýja starf hjá félaginu. Valgerður lauk B.Sc. gráðu í viðskiptafræði árið 2002, B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 1985 og er að ljúka meistaranámi í opinberri stjórnsýslu, MPA. Árið 1996 útskrifaðist hún sem hundapjálfari og öðlaðist réttindi til að kenna á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeiðum. Samhliða fullri vinnu og námi hefur Valgerður kennt á námskeiðum Hundaskóla Hundaræktarfélagsins ásamt því að sitja í skólanefnd Hundaskólans. Hún hefur unnið margvísleg störf á vegum félagsins s.s félagsstarfsemi innan tíbet spaníel- og írsk setter deildar um langt skeið ásamt margvíslegri þátttöku í starfsemi retrivierdeildarinnar, er nú í stjórn írsk setter deildar og framkvæmdarnefnd sýninga. Hún hefur starfað á flestum sýningum félagsins frá því hún gerðist félagsmaður í Hundaræktarfélagi Íslands árið 1994. Er í vinnuhóp um einangrunarmál þ.e. í einangrunarteymi sem vinnur að breytingum varðandi einangrunarmál hunda á Íslandi. Hún hefur starfaði í stjórn HRFÍ s.l. 6 ár

Endurskoðun á íslenskum meistarreglum fyrir árslok 2008.

Núgildandi reglur voru samþykktar 6. apríl 2005. Samþykkt var tillaga frá þáverandi formanni að krafa fyrir íslenskan meistaratitil verði samhljóða tillögu okkar til FCI fyrir alþjóðlegum meistaratitli. Skiptar skoðanir voru innan stjórnar um þessa tillögu, sem var á endanum samþykkt. Beiðni hefur borist frá fjár- og hjarðhundadeild og ensk cocker spanieldeild um endurskoðun þessara reglna. Hefur stjórn því ákveðið að taka þessar reglur til endurskoðunar fyrir árslok.

Augnskoðun var í Sólheimakoti 11. og 12. apríl, Finn Bøserup og Susanne Kaarsholm sáu um augnskoðun á 240 hundum. Helga Finnsdóttir var okkur til aðstoðar sem fyrr.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 15. maí í veislusal reiðhóllarinnar í Víðidal.

Úr stjórn ganga:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður, í aðalstjórn

Valgerður Júlíusdóttir, ritari, í aðalstjórn

Ástrós Gunnarsdóttir í varastjórn.

Guðríður og Valgerður gefa kost á sér í endurkjöri til áframhaldandi setu í aðalstjórn félagsins. Friðrik Lunddal Gestsson gefur jafnframt kost á sér í stjórn félagsins.

Tvær tillögur hafa borist frá Guðríði Magnúsdóttur á aðalfund HRFÍ 15. maí:

Tillaga 1:

Að tekinn verði upp utankjörfundarathvæðagreiðsla fyrir þá sem búa úti á landi vegna kosninga á aðalfundi HRFÍ og að tillagan fái frekari útfærslu hjá stjórn HRFÍ.

Greinargerð með tillögu 1: Þetta er félag allra hundaeigenda, eins og félagið segir sjálft og ekki eiga allir heimangengt til að geta nýtt athvæðarétt sinn, og í lýðræðisfélagi sem ríkir á landsvísi þá á þetta ekki að vera nema sjálfagt mál að koma þessu í framkvæmd.

Tillaga 2:

Að allar fundagerðir hvort sem er hjá stjórn HRFÍ eða deildum félagsins og hvort sem um er að ræða félagsfundir eða aðalfundi verði aðgengilegar félagsmönnum á heimasíðu félagsins og deildanna.

Stofnun deilda:

Ákveðið hefur verið að stofna neðangreindar deildir samhliða því að Úrvalsdeild verður lögð niður:

Tegundahópur 4/6 Grefil- og þefhundadeild

Tegundahópur 5 Spitzhundadeild

Tegundahópur 2 Pincher, mastiff og fjallahundadeild.

Stofnun sérdeilda:

Vorstehdeild, golden retrieverdeild, shih tzudeild og boxerdeild

Vinnuhundadeild – unnið er að tillögum um reglur fyrir deildina áður en stjórn samþykkir endanlega stofnun hennar.

Hundasýning fer fram í reiðhöllinni Víðidal helgina 28.-29. júní nk. Dómarar verða: Kurt Nilsson frá Svíþjóð, Trudy Walsh frá Írlandi, Henric Fryckstrand frá Svíþjóð, Rafael De Santiago frá Puerto Rico, Roberto Velez-Pico frá Puerto Rico, Sjoerd Jobse dæmir unga sýnendur. **Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 30. maí.** Hægt er að skrá á sýninguna á vefsíðu félagsins til miðnættis þennan dag.

Deildir sem aðstoða við uppsetningu og frágang á þessari sýningu eru:

- *DÍF,*
- *Deild þýska fjárhundsins,*
- *Ensk cocker spanieldeild*
- *Unglingadeild.*

Koma nöfnum og símanúmerum til Halldóru Friðriksdóttur netta@isl.is eða í síma 895-2128

Afmælissýning á 40 ára afmæli félagsins verður í ágúst/september 2009.

Stefnt að því að fjölga sýningum í fjórar stórar sýningar (all breed) á ári frá og með árinu 2010.

Frekari útfærsla verður hjá sýningastjórn HRFÍ.

Samþykkt hafa verið haustpróf fyrir standandi fuglahunda á vegum Fuglahundadeildar og veiðipróf fyrir retrieverhunda á vegum Retrieverdeildar.

Upplýsingar um þessi próf má nálgast á heimasíðum deildanna.

Ræktunarnámskeið (anatomy and judging) fer fram í Sólheimakoti í 11. og 12. júlí fyrir byrjendur. Framhaldsnámskeið verður 10. júlí fyrir þá sem voru á byrjendanámskeiðinu í apríl/maí í fyrra. Leiðbeinandi verður dómari Hans Áke Sperne frá Svíþjóð. Skráning á hrfi@hrfi.is

Hringstjóranámskeið verður haldið í sumar ef næg þátttaka verður. Áhugasamir skrái sig sem fyrst á hrfi@hrfi.is

Hundaskólinn

Námskeið eru í fullum gangi og mikil aðsókn er á hvolpa- og grunnnámskeið. Hlýðni- og retrievernámskeið eru einnig í gangi. Kennt er sem fyrir í Hafnarfirði og Keflavík.

Hundafiminámskeið eru vel sótt.

Sænsku sporareglunar hafa verið gróflega þýddar af Kristínu Þorvaldsdóttur. Albert Steingrímsson ætlar að lesa yfir áður en stjórn samþykkir endanlega.

Skapgerðarmat

Stýrihópur Skapgerðarmats var með kynningu í húsnæði HRFÍ 2. apríl sl. Var vel mætt eða 17 manns og skráðu tíu sig á lista sem höfðu áhuga á að vinna við skapgerðarmat.

Á sumardaginn fyrsta voru útskrifaðir fimm aðilar í skapgerðarmati:

Bergþóra Bachmann sem prófstjóri

Ingibjörg Ylfa Ólafsdóttir, Sigríður Margrét Jónsdóttir, Þorsteinn Thorsteinsson og Baldvina Karen

Gísladóttir öll sem leikmenn.

Stjórn HRFÍ hefur ákveðið að styðja að, Brynja Tomer og Sigríður Hrólfsdóttir, fari í nám til Svíþjóðar til að öðlast réttindi sem matsmenn í skapgerðarmati.

Dagskrá skapgerðarmatsprófa er að finna á vefsíðu HRFÍ.

Bronsmarkjapróf var haldið þriðjudaginn 15. apríl sl.

Sjö hundar voru skráðir til leiks, 4 mættu í prófið. Einn afboðaði sig þar sem tíkin var að lóða og tveir boðuðu forföll vegna veikinda. Þrjú hundar fengu bronsmarki, einn náði ekki.

Bronsmarkjapróf verður haldið 1. maí n.k. kl.13:00 á bílastæði Marels í Garðabæ.

Dómari er Guðrún Hafberg, prófstjóri Valgerður Júlíusdóttir og ritari Björn Ólafsson.

Ellefu hundar eru skráðir til leiks.

Sámur

Kemur út í byrjun maí. Öflugir liðsmenn hafa bæst í ritnefnd Sáms, þau Aðalheiður Jónsdóttir og Þorsteinn Thorsteinsson

Varðandi samstarf Doberman Ísland við HRFÍ

Stjórn barst bréf þann 9. apríl sl. frá Mr. Hans Wiblishauser, IDC President. Samskonar bréf var sent öllum aðildarfélögum FCI. Þar er vísað í samstarfssamning milli IDC og FCI frá 2005. Stjórn kallaði eftir þessum samningi frá FCI, en hann var aðeins til á þýsku. Stjórn fékk samninginn þýddan á íslensku. Í 3.gr. samningsins, lið 1, kemur fram að samningsaðilar (FCI og IDC) leggja ríka áherslu á að tryggja, að aðildarfélög IDC hafi verið samþykktir sem meðlimir FCI. Það verður aðeins gert með því að viðkomandi Dobermann klúbbur sé meðlimur í hundaræktarfélagi í viðkomandi þjóðríki, sem er aðili að og viðurkenndur af FCI.

Ráðstefna á vegum Royal Canin verður haldin fyrir ræktendur í Vín þann 12. júlí nk. Hugmyndin er að fara í hópferð þar sem félagsmönnum HRFÍ verður boðið á ráðstefnuna. Félagsmenn greiða sjálfir flug og upphald. Ráðstefnan verður haldin í Vet University of Vienna og er byggð upp af Dr. Schafer-Somi, prófessor í ræktun hjá Dýralæknaskóla Vienna.

Fyrirlesarar verða fimm og er umfjöllunarefni eftirfarandi:

1. **Meðganga tíkarinnar og möguleikar á að stjórna henni** - J. Thuroczy, Ungverjalandi
2. **Ástæður fyrir fósturláti án sýkingar** - AR. Gunzel-Apel, Þýskalandi
3. **Ræktun út frá erfðafræðlegum sjónarmiðum** - I. Sommerfeld-Stur, Austurríki
4. **Vandamál í blöðruhálskirtli** - Alain Fontbonne, Frakklandi.
5. **Ræktun og fóðrun** - S. Rivière, Frakklandi.

Áhugasamir skrái sig sem fyrst eða í síðasta lagi 15. maí nk. á hrfi@hrfi.is

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna veitir Halldór Jóhannsson hjá Dýrheimum ehf., umboðsaðila Royal Canin á Íslandi.

Royal Canin/Dýrheimar ehf. hafa boðið að kosta fyrirlesara fyrir félagsmenn helgina 9.-10. ágúst. Dr. Alain Fontbonne frá Frakklandi. Beðið er eftir frekari upplýsingum til að auglýsa á vefsíðu HRFÍ.

Stjórn er með í athugun að fá fyrirlesara til landsins í haust sem myndi e.t.v. fjalla um innflutningsmál.

4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum

Allar ræktunardeildir hafa haldið ársfundi nema Fuglahundadeild sem bað um frest. Nokkrar deildir eiga eftir að skila ársskýrslu til stjórnar.

Á síðasta fulltrúaráðsfundi var ákveðið að skipa í vinnu- og veiðiprófanefndir HRFÍ. Rætt var um mikilvægt að hafa virka nefnd sem sér um þessi mál eins og sýningastjórn. Formenn deilda voru beðnir að tilnefna nokkra áhugasama félagsmenn sem áhuga hefðu á að vinna í þessum nefndum þ.e. vinnuprófanefnd, veiðiprófanefnd fyrir standandi fuglahunda og veiðiprófanefnd fyrir retriever hunda. Tvær tilnefningar hafa borist í vinnuprófanefnd. Nú liggur reyndar fyrir að stofnuð verði Vinnuhundadeild, sem væntanlega fær hlutverk vinnuprófanefndar. Tilgangur með vinnuhundadeild er að efla vinnu með vinnuhunda, miðla þekkingu á vinnuhundum og vinnueiginleikum einstakra hundakynja og viðurkenndum aðferðum við þjálfun þeirra, hafa umsjón með vinnuprófum og framkvæmd þeirra. Allir vinnuhundar samkvæmt skilgreiningu FCI innan HRFÍ yrðu aðilar að vinnuhundadeild en deildin sem slík kemur ekki til með að starfa sem ræktunardeild. Eftir stendur að skipa í veiðiprófanefndir fyrir tegundahóp 7 og 8.

Einangrunarteymi – Valgerður Júlíusdóttir

Búið er að funda fjórum sinnum á stafsárinu. Í teyminu eru Ásgeir Ingvarsson, Björn Ólafsson, Helga Andrésdóttir, Lilja Dóra Halldórsdóttir, María Tómasdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Ásgeir bættist í hópinn í apríl eftir að hann flutti heim til Íslands eftir dvöl í Argentínu. Næstu skref teymisins að ræða við ráðherra en búið er að panta fund og senda honum erindi. Þrír aðilar úr teyminu fara á fundinn og markmið með fundinum er að hvetja ráðherra til að hefja vinnu við endurskoðun nágildandi reglna þar sem skoðað verði hvort íþyngjandi varnaraðgerðir en einangrun geti gert fullnægjandi gagn við að hamla útbreiðslu skaðlegra dýrasjúkdóma.

5. Önnur mál

Starfsemi deilda og spurningar frá stjórnarmönnum þeirra:

Kristín í mjóhundadeild kom með eftirfarandi tillögu sem hún bar fram fyrir fulltrúa Svæðafélags Norðurlands: *Svæðafélag Norðurlands óskar eftir að hafa einn deildarfund á starfsárinu um helgi.*

Silja og Kata í íþróttadeild:

Kynntu starf íþróttadeildar. Hundakeppnisbók er í vinnslu. Silja ræddi um upphaflegan tilgang íþróttadeildar og spurði stjórn hvort hún væri samþykkt að deildin sinnti áfram gömlu markmiðunum. Það virðist skarast á við vinnuhundadeildina sem er í vinnslu. Jóna benti fulltrúum frá íþróttadeild á að senda inn erindi til stjórnar varðandi þetta efni.

Helga Finnsdóttir vill fá sögu félagsins ritaða í tilefni 40 ára afmæli félagsins á næsta ári. Til eru myndir frá fyrstu sýningu félagsins sem haldin var í Hveragerði en bannað var að vera með hunda á Reykjavíkursvæðinu. Rætt var um formenn félagsins en fyrsti formaður þess var Gunnlaugur Skúlason dýralæknir. Helga segir mikilvægt að rita sögu félagsins rétta en því miður hafi saga hundaskólans sem birtist í Sámi ekki verið rétt. Stjórn hvetur Helgu til að hafa yfirumsjón með söguritunarnefnd HRFÍ og finni sér fólk til að vinna með. Helga mælir með að fá sagnfræðing til að vinna úr heimildum sem til eru en hún geti aðstoðað eftir þörfum. Jóna kom með tillögu um að fá styrk og biður alla að koma með hugmyndir hvert hægt er að leita.

Inga Fanney spurði hvort Sólheimakot væri eign félagsins.

Svar: Mosfellsbær á Sólheimakot og HRFÍ fær afnot af því.

Spurt var hvort að stjórn hefði athugað lóðir fyrir starfsemi félagsins en því var svarað neitandi.

Ekki vildu fleiri tjá sig né segja frá störfum deilda.

Fundi slitið kl. 21:30.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.